

## Ágætu lesendur

Í síðasta tölublaði skrifaði Guðbrandur Sigurðsson, fráfarandi forstjóri Auðhumlu svf, sína síðustu grein á þessum stað. Þetta verða því mínar fyrstu hugleiðingar hér. Ég vil byrja á því að þakka Guðbrandi gott og ánægjulegt samstarf þann tíma sem við höfum unnið saman að málefnum íslensks mjólkuriðnaðar.

Síðastliðin þrjú ár hafa miklar breytingar átt sér stað í íslenskum mjólkuriðnaði, eða allt frá því að farið var að ræða sameingingu MS og MBF. Því hefur fylgt nokkuð öldurót, en segja má að það sé fylgifiskur mikilla breytinga og því ekki óeðlileg – en tímabundin staða. Frá áramótum 2006/2007, við stofnun Mjólkursamsalan ehf., hefur mikil hagræðing átt sér stað með margvíslegum hætti í mjólkuriðnaðinum. Þar má m.a. nefna að fastráðnu starfsfólki hefur fækkað umtalsvert. Slíkar breytingar eru ekki einfaldar og koma við marga. Áhrif þeirra eiga að fara að skila sýnilegum árangri í starfsemi mjólkuriðnaðarins.


Einföldun í öllum rekstri ætti að skila umtalsverðri hagræðingu, svo og fjárfesting í tækjum og búnaði sem hafa skamman endurgreiðslutíma. Allt þetta eru verkefni sem verið er að vinna að.

Rekstur mjólkuriðnaðarins er mjög þungur um þessar mundir og ljóst að enn frekari hagræðing þarf að eiga sér stað. Á sama hátt og í búrekstri mjólkurframleiðslunnar, hafa rekstrarþættir eins og aðföng og orka hækkað gríðarlega á undaförnum mánuðum. Einnig hafa laun hækkað með nýgerðum kjarasamningum. Allt rekstrarumhverfi okkar kallar á enn frekari lækkun kostnaðar.

Rétt er að minna á að á árinu 2006 tók mjólkuriðnaðurinn á sig mjög miklar hækkanir í tengslum við aðgerðir stjórnvalda til lækkunar matvælavæðs. Lækkunin fólst í verðstöðvun út á markaði, auk þess sem mjólkuriðnaðurinn tók á sig hluta af hækunarþörf afurðaverðs til bænda. Þær aðgerðir hafa komið illa við mjólkuriðnaðinn – sérstaklega á tímum sem aðstæður í gengismálum og almennu verðlagi eru með þeim hætti og nú er.

Því verður verkefni komandi mánaða ná jafnvægi í rekstri Mjólkursamsölnunnar ehf., og verður að beita öllum tilteknum ráðum svo það markmið náist.

Samhliða þessum breytingum og aðgerðum í rekstri verður að huga vel að sölu- og markaðsmálum, passa verður vel upp á að ekki sé slegið af á þeim vettvangi, þannig að tekjur



minnki. Sala mjólkurvara hefur verið góð fyrstu ó mánuði ársins 2008, og ekkert sem bendir til að svo verði ekki áfram þrátt fyrir efiitt efnahagsástand í þjóðfélaginu. Einn er sá þáttur sem huga þarf vel að er útflutningur. Þar eru vafalaust framtíðarmöguleikar, en við skulum líka vera meðvituð um það að ekki sé kostað of miklu til.

Að framansögðu má ljóst vera að það er unnið á mörgum vígstöðum af okkar ágæta starfsfólki, og mikilvægt að eigendur og starfsfólk Mjólkursamsölnunnar ehf. séu samstíga í þeim viðfangsefnum sem framundan eru.

Bestu kveðjur,  
Magnús Ólafsson

## Hvað með verðlagið?

Þjóðin virðist vera að lamast, vegna þess sem ég leyfi mér að kalla óábyrgs tals um efnahagsmál og stöðu íslensku krónunnar. Hvernig er verðlagið? Gerð var snögg könnun mánudaginn 23. júní á verðlagi mjólkur í Danmörku.

Útsöluverð mjólkur í Bilka í Óðinsvéum í Danmörku 23.6.08. Bilka er stórmarkaður (ekki lágvöruverðsverslun). Verðupplýsingar eru fengnar með símtali, verð er umreiknað miðað við kaupgengi DKK hjá SPRON 23.6.08. sem var 17,67

Vörutegund	DKK	ISK
Nýmjólk 1 ltr	8,50	150
Léttmjólk 1 ltr	7,50	133
Undanrenna 1 ltr	6,90	122
Léttmjólk 2 ltr	15,50	274

Í kjölfarið var gerð könnun í Hagkaupum í Garðabæ miðvikudaginn 25. júní og kom þá eftirfarandi í ljós varðandi verð á mjólkurvörum.

Vörutegund	ISK
Nýmjólk 1 ltr	94
Léttmjólk 1 ltr	94
Undanrenna 1 ltr	98
Léttmjólk 1,5 ltr	141

Hvað segjum við um þetta? Ég hef á tilfinningunni að verðlag eigi ekki að ræða ef mismunurinn er á þessa leið.

Kveðja, Magnús

## Nýtt bifreiðaverkstæði tekið í notkun á Selfossi



Í sumar var tekið í notkun nýtt bifreiðaverkstæði á Selfossi. MS Selfossi rekur nú um 20 bifreiðar og 15 vagna af ýmsum gerðum. Meðal þjónustu sem verkstæðið mun annast eru olíuskipti, smurning, dekkjaviðhald og almennar viðgerðir. Húsið er um 686 fermetrar að flatarmáli en starfsmannaaðstöðu er komið fyrir á millilofti.

Í húsinu eru fjögur stæði sem hvert er með eigin aksturshurð. Brúarkrani er yfir tveimur stæðum í verkstæðinu og er hann gerður til að vinna með þunga hluti eins og tanka á tankbílum. Gegnumakstur er í húsinu við smurgryfju, en þar er einnig afsogsbúnaður fyrir púst og tæki til bremsuprófunar. Einnig er í húsinu lagerrými fyrir dekk sem tengist dekkjaviðgerðarverkstæði.

Helmingur verkstæðisins hefur verið leigður til Vélaverkstæðis Þóris, en jafnframt var gerður samningur milli Mjólkursamsölunnar og Véla- verkstæðis Þóris um þjónustu við bifreiðafloata MS Selfossi.

MS er með einn starfsmann á verkstæðinu sem sér um olíuskipti og smurning á bílunum. Einnig sér hann alfarið um öll dekkjamálefni, lagerhald, innkaup og dekkjaskipti. Allar smáviðgerðir á bílunum eru einnig á hans könnu.

## Nýr flutninga- og söfnunarbíll í Búðardal

MS Búðardal endurnýjaði einn af sínum bílum í júlí. Hér er um að ræða endurnýjun á sérútbúinni Scania bifreið sem er 2002 árgerð og er keyrður um 400.000 þús km. Gamla bifreiðin hefur þjónað mjólkursöfnun hjá Barðstrendingum síðan 2002 og jafnframt verið í dreifingu á unnum mjólkurvörum til Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals.

Nýja bifreiðin sem er líka sérútbúin Scania 480 hö, með framdrifi. Bifreiðin fór fyrstu mjólkurferðina fimmtudaginn 17 júlí. Í kassa bifreiðarinnar er 8.500 ltr mjólkurtankur sem er færanlegur eftir því hvort að bíllinn er með hrámjólk eða fullunnar mjólkurvörur til dreifingu á sunnanverða Vestfirði.

Bílstjórinn á mynd er Helgi Páll Pálmason Patreksfirði.



## Bændakynning

### Nafn:

Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, 33 ára.

### Bú:

Hranastaðir í Eyjafirði.

### Heimilishagir:

Er gift Arnari Árnasyni, eigum 3 börn, Kristjönu Líf, Elmar Blæ og Þórdísi Birtu.

### Búskapur:

Erum einungis með kýr.

### Hvenær hófstu búskap?

Við keyptum búíð af foreldrum mínum árið 2001.

### Hvað hefur breyst mest frá því að þú byrjaðir búskap?

Við höfum stækkað búíð talsvert, eins höfum við breytt aðstöðunni mikið. Breyttum fjósinu í lausagöngufjós og aflögðum mjaltabás og tókum mjaltabjón í notkun.

### Hver eru sóknarfærin í búskapnum í dag?

Helstu sóknarfærin eru að hlúa vel að því sem við eigum og nýta allar fjárfestingar vel.

### Hvar kveppir skórin í búskapnum?

Hagræðingarkrafa hefur verið gríðarleg síðustu ár og búin hafa stækkað mikið en því fylgir aukin vinna. Ég held að vinnuálag á bændur sé of mikið og búskapurinn hefur ekki verið samkeppnisfær um aðkeypt vinnuafli undanfarin ár. Eins ef búin verða það stór að yfirsýnin tapast er hætt við að ávinningurinn af því að stækka búin hverfi.

### Framtíðaráform þín:

Helstu verkefni framundar eru að halda áfram að laga vinnuástöðuna og gera hana sem besta fyrir bæði kýr og menn, eins að halda áfram með endurræktun túna og hámarka gæði heimaaflds fódurs. En umfram allt að halda áfram að hafa gaman að því sem við erum að fást við og njóta þess að vera bóndi.

### Góð ráð til MS og Auðhumlu:

MS hefur verið með mjög gott vöruúrval og það er gríðarlega mikilvægt að halda öflugri vöruþróun áfram og að staðna ekki nú eftir að nær öll innlend mjólkurvinnsla er sameinuð. Það hefur mikið verið unnið í að koma



mjólkurvörum okkar á erlenda markað sem er mjög gott, ef það getur orðið að vænlegum kosti, en við verðum að fara að fá greitt þannig fyrir umframjólkina að það borgi sig að framleiða eitthvað umfram. Eins og staðan er í dag miðað við allan þann kostnaðarauka sem dunið hefur yfir þá borgar sig ekki að framleiða umfram, miðað við hvað við fáum greitt fyrir umframjólkina, sem er sorglegt því eins og gengið er núna hefði maður haldið að það væri vænlegt að flytja út og bændur ættu að geta notið þess.

## Ný vörulína – Krakkaskyr

Í júlí hófst sala á Krakkaskyr hjá Mjólkursamsölu. Krakkaskyr inniheldur meiri ávexti (20% ávaxtamagn) og minni sykurlaugar en sambærilegar vörur, auk þess sem Krakkaskyr inniheldur engin sætuefni.



Krakkaskyr er framleitt hjá MS Akureyri og í upphafi eru framleiddar fjórar bragðtegundir, með jarðarberjum, ferskjum, banönum og án ávaxta. Samkvæmt óskum barna eru engir ávaxtabitar í skyrinu.

Krakkaskyrinu hefur verið mjög vel tekið og sala fyrstu tvær vikurnar var um 100.000 dósir.


## Samanburður á frumutölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



## Samanburður á líftölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



## Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



## Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:  
Magnús Ólafsson

Ritstjóri:  
Sigrún Halldórsdóttir, sigrunh@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumla og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Magnúsi Ólafssyni, í síma 569 2200.

## Sala á mjólkurvörum í júní 2008

Júní	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. þús kr.	Mism. %	Sala ltr/kg 2007	Sala ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	%
1. Ferskvörur	586.385	628.247	41.862	7,1%	4.078.618	3.835.913	-242.705	-5,95%
2. Ostar og smjörvörur	392.183	482.155	89.972	22,9%	602.829	597.169	-5.660	-0,94%
<b>Samtals:</b>	<b>978.568</b>	<b>1.110.402</b>	<b>131.834</b>	<b>13,5%</b>				

## Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2007-2008

Landið september-júní:	2007-2008	2006-2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	104.108.660	102.097.025	2.011.635	1,97%
Greiðslumark	117.000.000	116.000.000	1.000.000	0,86%
Nýting greiðslumarks	88,98%	88,01%		
Landið janúar-júní:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	66.088.069	65.267.141	820.928	1,26%

## Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
26	2.593.866	2.574.554	19.312	0,75%
27	2.530.199	2.530.500	-301	-0,01%
28	2.475.150	2.468.793	6.357	0,26%
29	2.414.847	2.435.804	-20.957	-0,86%
30	2.381.742	2.389.745	-8.003	-0,33%
<b>Samtals:</b>	<b>12.395.804</b>	<b>12.399.396</b>	<b>-3.592</b>	<b>-0,03%</b>

## Yfirlit mælinga hjá MS

Tímabil V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut.	Frumut. MFM	Fjöldi
1/06/08 - 4/06/08	4,15	3,28	2,54	0,5	6,2	-0,546	17	282	259	2.773

## Líftala í þúsundum hjá MS

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu					
0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
87,74	95,60	99,21	0,32	0,32	0,14